

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Bt. Jóhanns Guðmundssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



13. janúar 2019

Umsögn Arnarlax vegna breytinga á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi

Almennt um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.).

Markmið frumvarps um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi er að styrkja lagaumgjörð fiskeldis. Með því séu sköpuð bestu mögulegu skilyrði til uppbyggingar. Fiskeldi verði sterk og öflug atvinnugrein. Jafnframt sé stuðlað að ábyrgu fiskeldi með sjálfbæra þróun og vernd lífríkis að leiðarljósi á grundvelli vísinda og rannsókna. Svo segir í drögum að frumvarpi sem Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur nú til meðferðar og óskað var umsagna um.

Arnarlax lítur það jákvæðum augum að stjórnvöld ætli sér að styrkja lagaumgjörð fiskeldis. Því ber að fagna. Vonir standa til þess að á komandi árum verði þetta ein af burðarásum íslenskra útflutningsgreina. Íslendingar hafa verið leiðandi á sviði sjávarútvegs, álframleiðslu og ferðaþjónustu. Fiskeldi verður vonandi góð búbot við þær greinar. Má í því samhengi nefna að árið 2017 skilaði fiskeldi tæplega 14 milljörðum króna í útflutningsverðmæti.

Búið er að ráðast í miklar fjárfestingar á síðustu árum í atvinnugreininni sem enn er þó í uppbyggingarfasa og framtíðaráform kalla á enn meiri fjárfestingu. Í því ljósi er mikilvægt að greinin búi við stöðuleika og lagaumgjörð sem tryggir samkeppnishæfni og sjálfbærni. Mikilvægt er að byggja áfram á vísindum, reynslu og rannsóknum en til þess þarf að skýra markmið stofnanna og tryggja þeim fjármagn í samræmi við verkefni. Það er jákvætt að sjá að ráðherra tekur á verkefninu af fagmennsku. Heilt yfir telur Arnarlax að drög að breytingum á lögum um fiskeldi verði til góðs. Þó vilja forsvarsmenn fyrirtækisins koma með nokkrar athugasemdir sem hér verða nefndar.

1. Í 3. mgr. 11. gr. er fjallað um skilgreiningu á villtum laxastofna. Mikilvægt er að skýra með nákvæmari hætti hvaða skilyrði stofn þurfi að uppfylla svo hann teljist villtur. Samkvæmt ICES, alþjóða hafrannsóknarráðinu er skilgreining á villtum laxastofni meðal annars sú að 90% seiða eða meira séu klakin í á.

2. Í 1. mgr. 3 gr. er fjallað um skiptingu eldissvæða. Skýra þarf hvaða mælikvarðar eru lagðir til grundvallar þegar lagt er mat á bestu heildarnýtingu eldissvæða. Einnig er mikilvægt að taka tillit til fyrirbyggjandi umsókna á svæðum sem ekki er búið að meta varðandi burðarþol og áhættumat. Í sumum tilfellum er búið að leggja í töluverða vinnu og kostnað við umsóknir á þeim svæðum. Því væri eðlilegt að tekið sé tillit til þess þegar svæðum er úthlutað eða þau boðin út.
3. Samkvæmt 4. gr. er ekki tekið tillit til tillagna starfshóps um stefnumótun í fiskeldi sem skilaði tillögum sínum í ágúst 2017. Starfshópurinn lagði til að leyfisferlið yrði einfaldað. Jafnframt lagði starfshópurinn til að Matvælastofnun gæfi út eitt leyfi eftir samráð við fagaðila og þannig yrði leyfisferlið einfaldað. Lagt er til að horft verði til tillögu starfshópsins og leitast við að einfalda ferlið og gera það skilvirkara og gegnsærra.
4. Í umfjöllun um Áhættumat erfðablöndunar (6. gr. a.) er mikilvægt að hafa í huga að gefa þarf rúman tíma ef draga á úr leyfilegu framleiðslumagni á grunvelli áhættumats. Frá því að hrogn eru tekin í hús og þangað til búið er að slátra fiski upp úr kvíum geta liðið allt að 30-35 mánuðir. Þannig að aðlögunartími vegna minni framleiðslu á grunvelli áhættumats þarf að vera í samræmi við það. Sama á við um breytingar á burðarþolsmati (6. gr. b.)
5. Í 14. gr. er fjallað um tilkynningar vegna strokufiska. Það gæti verið heppilegra að fyrirtækin þyrftu einungis að tilkynna um það til einnar stofnunar. Þá væri tilkynnt um hugsanlegt strok til Fiskistofu eða Matvælastofnunar og sú stofnun tilkynnti og upplýsti aðra aðila. Þannig mætti einfalda ferlið og gera það skilvirkara.
6. Í 22. gr. er fjallað um niðurfellingar á umsóknum á hafsvæðum þar sem ekki sé búið að burðarþolsmeta svæði. Fyrirtæki sem nú þegar eru búin að tilkynna um framkvæmd á svæðum sem ekki er búið að burðarþolsmeta gerðu það í þeirri trú að svæðin yrðu burðarþolsmetin enda fordæmi fyrir því að eldi í sjó hafi verið stundað á svæðum sem ekki var búið að burðarþolsmeta. Í sumum tilfellum er búið að fjárfesta töluvert í undirbúningsvinnu og rannsóknum. Því væri eðlilegt að tekið sé tillit til þess þegar úthluta á leyfum á þeim eldissvæðum.

7. Í 14. gr. er fjallað um að landeldisstöðvar skuli starfrækja gæðakerfi sem hluta af innra eftirliti en að stöðvar undir 20 tonna rekstarleyfi skuli undanþegnar þessu ákvæði. Ekki er ljóst hvers vegna er þörf á því að undanskilja stöðvar sem framleiða undir 20 tonnum. Eðlilegra væri að öllum landeldisstöðvum verði gert að vera með gæðakerfi.

8. Samkvæmt 19. gr. frumvarpsins er lögð til hækkun á árlegu gjaldi rekstrarleyfishafa í Umhverfissjóð sjókvíaeldis úr 12 SDR á hvert tonn sem heimilt er að framleiða samkvæmt rekstrarleyfi í 20 SDR. Um er að ræða mikla hækkun en ekki liggur fyrir hver þörfin er á þessari hækkun sé. Þessi hækkun kemur til viðbótar við íþyngjandi og ótímabæra gjaldtöku sem fjallað er um í drögum að frumvarpi til laga um gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó.

Virðingarfyllst,

f.h. Arnarlax ehf.

Þorsteinn Másson